



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA ritgerð
í guðfræði

Leyfið börnunum að koma til mín
Barnaguðfræði þjóðkirkjunnar 2023-2024

Sólveig Franklinsdóttir

Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor
Júní 2024

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Leyfið börnunum að koma til mín
Barnaguðfræði þjóðkirkjunnar 2023-2024

Sólveig Franklinsdóttir
Kt.: 041168-3589

Lokaverkefni til BA-prófs í guðfræði
Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2024

Leyfið börnunum að koma til mín. Barnaguðfræði þjóðkirkjunnar 2023-2024.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs í guðfræði
við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Sólveig Franklínisdóttir, 2024

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Hver er sá Guð sem boðaður er börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar nú um stundir? Hvað er Guð? Hvar er Guð? Guðsmyndir fólks skapast með ýmsu móti og geta verið í stöðugri mótun frá vöggu til grafar. Markmiðið er að bera kensl á guðsmyndir barna eins og þær birtast í söngvum og fræðsluefni fyrir börn í barnastarfi þjóðkirkjunnar 2023-2024 og skoða þær í femínísku/kynjafræðilegu og vistguðfræðilegu ljósi. Hins vegar að fjalla um hugtakið *barnaguðfræði* (e. *Child Theology*) ásamt því að gera grein fyrir helstu hugtökum er koma við sögu innan vistguðfræðinnar. Þar ber að nefna *kristna guðsmynd*, *mannskilning*, *heimsmynd* og *kristna siðfræði*. Tilgangurinn er sá að kanna hvort hin femíníska gagnrýni undanfarinna ára á kristnar guðsmyndir í tengslum við umhverfissiðfræði og vistguðfræði hafi skilað sér út í söngva og efnisval.

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	7
<i>1. Inngangur</i>	8
1.1 Staða þekkingar	10
1.2 Aðferðafræði og forsendur/heimildir.....	13
1.3 Stutt umfjöllun um helstu hugtök	15
1.3.1 Guðsmynd (l. <i>imago Dei</i>) og femínísk vistguðfræði Sallie McFague.....	15
1.3.2 Kristinn mannskilningur og hlutverk kristinnar siðfræði	18
1.3.3 Heimsmynd og kristin umhverfissiðfræði	20
<i>2. Barnaguðfræði</i>	22
2.1 Guðfræði um börn	23
2.2 Guðfræði af sjónarhóli barna	23
2.3 Guðfræði barna	23
2.4 Guðfræði fyrir börn	24
2.5 Guðfræði með börnum.....	24
<i>3. Með Guð í hjartanu</i>	26
<i>4. Umræða um niðurstöður og ályktanir</i>	29
<i>Heimildaskrá</i>	32

Formáli

Þessi ritgerð er 10 eininga BA verkefni í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Sólveigar Önnu Bóasdóttur prófessors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ.

Áhugi minn á viðfangsefninu kviknaði er ég sat inngangsnámskeið að guðfræðilegri siðfræði hjá Sólveigu Önnu Bóasdóttur, vorið 2022. Þar ræddum við meðal annars kristinn mannskilning og guðsmyndir. Þá áttum við Sólveig Anna einnig samtal um birtingarmyndir guðsmyndarinnar í því söngva- og sálmavali er boðið er upp á við fræðslu í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar. Áhugi minn á efninu jókst enn frekar er ég sat annað siðfræðinámskeið hjá Sólveigu Önnu vorið 2023 þar sem farið var enn ítarlegar í kristinn mannskilning og guðsmyndir út frá umhverfissiðfræði og femínískri vistguðfræði.

Þá má segja að mikilvægur hvati er liggur að baki umfjöllunarefninu komi bæði frá samstarfsfólki mínu í kirkjustarfinu og öllum þeim börnum er ég hef fengið að vinna með í gegnum starf mitt sem fræðara í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar. Þeim öllum færi ég mínar bestu þakkir.

Hjartans þakkir færi ég leiðbeinanda mínum Sólveigu Önnu Bóasdóttur fyrir uppbyggilega hvatningu og alla þolinmæðina við ritgerðarsmíðina. Einnig þakka ég öllu fólkinu mínu öllum og ferfætlingum heimilisins fyrir þolinmæði þeirra og skilning á meðan á verkinu stóð. Sérstakar þakkir fær minn maður, Örn Gunnarsson fyrir að þola einsemdina á meðan ég hef verið upptekin við lærdóm. Syni okkar Franklíni Erni Kristjánssyni færi ég þakkir fyrir að hafa óbilandi trú á hæfileikum móður sinnar. Einnig fá móðir mín Guðrún A. Sigurgeirsdóttir og elsku systir mín Valgerður Franklínisdóttir bestu þakkir fyrir þeirra hvatningu og stuðning. Að lokum færi ég vinkonu minni og samnemanda Helgu Björg Gunnarsdóttur kærar þakkir fyrir veitta prentþjónustu og að vera ávallt til staðar.

1. Inngangur

Hver er sá Guð sem boðaður er börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar nú um stundir? Hvað er Guð? Hvar er Guð? Er Guð nálægur eða fjarlægur, algóður eða strangur og dæmandi eða hvort tveggja? Er hægt að sjá Guð eða finna fyrir Guði? Er Guð kynuð vera, ef svo er hvers kyns er Guð? Hugmyndir barna og fullorðinna um Guð geta verið jafn misjafnar og einstaklingarnir sjálfir. Guðsmyndir fólks skapast með ýmsu móti og geta verið í stöðugri mótun frá vöggu til grafar. Augljóslega koma margir þættir við sögu er geta haft mótandi áhrif á guðsmynd einstaklingsins.

Til þess að fjalla um þessa þætti og uppruna guðsmyndarinnar leitaði Dr. Sigurður Pálsson, fyrrum sóknarprestur í Hallgrímskirkju og frumkvöðull á þessu sviði hér á landi, í smíðju þriggja höfunda í bók sinni *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*.¹ Þar segir Sigurður að faðir djúpsálarfræðinnar og sálgreiningarinnar Sigmund Freud hafi litið svo á að guðsmyndin endurspegladi fyrst og fremst föðurímyndina.² Þá hafi sporgöngumaður Freuds, fræðimaðurinn Erik H. Erikson tekið undir mikilvægi föðurímyndinnar fyrir guðsmyndina.³ Hins vegar hafi Erikson fremur lagt áherslu á mikilvægi hinnar *heilögu nærveru* móðurinnar eins og hann kallaði það.⁴ Að lokum hafi kanadíski geðlækninn Ana-Maria Rizzuto er gerði klínískar rannsóknir á guðsmyndinni rekið áfram þráð þeirra Freuds og Eriksons. Hún hafi bent á að fleiri þættir líkt og félagsmótun, menningarlegt umhverfi og kynni af fólki er hefði á einn eða annan hátt verið álitid talsmenn Guðs, hefðu áhrif á guðsmyndina. Auk þess hafi Rizzuto bent á að tengsl hvers og eins við eigin guðsmynd réðu úrslitum um trúarafstöðu viðkomandi.⁵

Í minningarsögu Bjargar Guðrúnar Gísladóttur í bók hennar *Hljóðin í nóttinni* er að finna áhugaverðar lýsingar höfundar af þeirri guðsmynd er hún ólst upp við sem barn:

„Það var alltaf óþægilegt að bíða í þögninni, þá kom klípudýrið strax í magann og þá reyndi ég að hugsa um Guð sem er svo góður og biðja hann um að láta nú allt vera í lagi.“⁶

¹ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði* (Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001), bls. 41.

² Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 62.

³ Sama heimild, bls. 49,

⁴ Sama heimild, bls. 62.

⁵ Sama heimild, bls. 63.

⁶ Björg Guðrún Gísladóttir, *Hljóðin í nóttinni: Minningasaga* (Reykjavík: Veröld, 2023) bls. 81.

Í þessari frásögn Bjargar var Guð góður en í minningarsögu hennar er einnig að finna Guð sem gat verið refsandi og dæmandi.

Um Guð verður ekki alltaf svo auðveldlega rætt og því er oft gripið til ýmiskonar myndlíkinga.⁷ Í gegnum tíðina hafa oft verið notaðar fremur einhæfar líkingar til að lýsa Guði. Þannig er Guði gjarnan lýst í karlkynshlutverki föðurins sem alvitrum, algóðum, réttlátum og miskunnsömum eða sem ströngum og dæmandi, konungi, drottara eða sigurvegara. Það er í raun áhugavert þar sem finna má ákaflega fjölbreytt líkingamál um Guð í Biblíunni. Þetta vekur því upp spurningu sem ekki er víst að hægt sé að svara með einföldum hætti. Í því ljósi er vert að skoða hvort gagnrýni hinnar femínísku/kynjafræðilegu vistguðfræði síðast liðin fimmtíu ár á þessar einhæfu lýsingar guðsmyndarinnar hafi haft einhver áhrif á þær guðsmyndir sem boðaðar eru börnum nú um stundir? Ef svo er hvernig birtist það þá? Ef ekki, hvers vegna gæti það þá verið? Hver er tilgangur og markmið barnstarfs þjóðkirkjunnar? Hvernig er kennslunni háttað? Tekur fræðsluefnið mið af umhverfismálum og jafnréttismálum eða *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*? Hvaða sálma, söngva og kennsluefni er verið að nota? Hversu mikil áhrif hefur *Efnisveita þjóðkirkjunnar*?

Undanfarin ár hef ég verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að starfa sem æskulýðsleiðtogi og fræðari í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar. Auk þess hef ég gegnt stöðu framkvæmdarstjóra æskulýðssambands þjóðkirkjunnar (ÆSKP) síðast liðið ár. Þetta hefur gefið mér þó nokkra innsýn í barna- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar. Í gegnum þessi störf mín hefur guðsmynd barna náð að fanga huga minn. Í starfinu hef ég orðið þess áskynja að börnin hafa skoðun á því hver Guð er og hvar Guð er. Með vissum hætti má því segja að þau séu virk í að skapa eigin guðsmynd. Það gera þau í samtali við fræðsluefnið eða fræðslu foreldra sinna eða einhverjar aðrar upplifanir héðan og þaðan úr lífi sínu og umhverfi. Í því ljósi er afar áhugavert að huga að efnisvali fræðsluefnisins og því með hvaða hætti framsetning hinnar kristnu guðsmyndar birtist í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar.

Markmið ritgerðarinnar er að bera kensl á guðsmyndir barna eins og þær birtast í ofanefndu samhengi og skoða þær í femínísku/kynjafræðilegu og vistguðfræðilegu ljósi.

⁷ Myndlíking, myndhverfing eða myndhvörf eru orð eða hugtök sem notuð eru í myndrænni merkingu og fá því aðra merkingu en venjan er. Dæmi: *fötur á borði; öxl á fjalli; auga á nál.*

1.1 Staða þekkingar

Í gegnum tíðina hafa nokkrar ritgerðir verið skrifaðar um svipað efni og fjallað verður um í þessari ritgerð. Þrátt fyrir að þær fjalli ekki um efnið með sömu áherslum hefur reynst virkilega gagnlegt að hafa þær til hliðsjónar.

Elsta ritgerðin er ég skoðaði er BA ritgerð Sóleyjar Stefánsdóttur frá árinu 2000. Hún ber heitið „Guðsmyndir, kynjamyndir og líkingamál í fræðsluefni íslensku þjóðkirkjunnar fyrir börn“. Í ritgerð sinni tók Sóley sérstaklega fyrir það efni er hafði verið útbúið fyrir sunnudagaskóla þar sem hún skoðaði guðsmyndir með áherslu á kynjamyndir. Markmið Sóleyjar var að hvetja til endurskoðunar á líkingamáli, tungutaki og framsetningu fagnaðarerindisins innan hinnar íslensku þjóðkirkju. Með vísan í fræði Elisabeth Schüssler Fiorenza um tungutak sem „mythologiska erkitýpu“, hélt Sóley því fram að notkun tungutaks og líkindmáls skipti miklu máli varðandi mótun fólks inn í samfélagið og trúarlífið.⁸ Þá benti Sóley á að æ fleiri raddir hefðu heyrst er gætu ekki hugsað sér að fara með börnin sín í sunnudagaskóla sökum framsetningu kynjamyndanna þar.⁹ Niðurstaða Sóleyjar var sú að hugtakið Guð væri oft notað án frekari útskýringa eða viðbættra líkinga í fræðsluefni þjóðkirkjunnar. Þá væri einnig áberandi að talað væri um Guð í karlkyni, sérstaklega sem föður. Í því samhengi benti hún einnig réttilega á að varast beri að takmarka notkun kvenlíkinga Guðs eingöngu við móðurmyndir.¹⁰ Jafnframt benti hún á að áherslan væri á styrkleika Guðs ásamt áherslum á kraftaverk.¹¹

Því næst nefni ég mag.theol. ritgerð Önnu Þóru Paulsdóttur frá árinu 2013 undir heitinu „Maðurinn, umhverfið og Guð: Guðsmynd, mannskilningur og heimsmýnd sem boðað er í æskulýðs- og fermingarstarfi þjóðkirkjunnar og í starfi grunnskóla“.¹² Þar skoðaði Anna Þóra námskrá og námsefni þjóðkirkjunnar fyrir barnastarf og fermingarfræðslu sem og barnasöngva og sálma ásamt barnasöngvum KFUM/K. Auk þess tók hún fyrir hluta námskrár og námsefnis grunnskólanna. Markmið Önnu Þóru var að varpa ljósi á birtingarmynd guðsmyndar, mannskilnings og heimsmýndar í ákveðnu

⁸ Sóley Stefánsdóttir, „Guðsmyndir, kynjamyndir og líkingamál í fræðsluefni íslensku þjóðkirkjunnar fyrir börn“ (BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2000), bls. 3.

⁹ Sóley Stefánsdóttir, „Guðsmyndir, kynjamyndir og líkingamál í fræðsluefni íslensku þjóðkirkjunnar fyrir börn“, bls. 4.

¹⁰ Sama heimild, bls. 69.

¹¹ Sama heimild, bls. 58-59.

¹² Anna Þóra Paulsdóttir, „Maðurinn, umhverfið og Guð: Guðsmynd, mannskilningur og heimsmýnd sem boðað er í æskulýðs- og fermingarstarfi þjóðkirkjunnar og í starfi grunnskóla“ (Mag. theol.-ritgerð, Háskóli Íslands, 2013), bls. 6, sótt 12. febrúar 2024 af: <http://hdl.handle.net/1946/16322>.

barnaefni. Einnig skoðaði hún þau viðhorf er voru ríkjandi í námsefninu gagnvart náttúrunni og hvort umhverfisstefna þjóðkirkjunnar hefði haft áhrif á námskrá og námsefni í barna- og fermingarstarfi kirkjunnar. Niðurstaða Önnu Þóru varðandi barnasöngvana var að þeir einkenndust af mannmiðlægum mannskilningi. Varðandi þá guðsmynd er boðuð er í barnastarfi var niðurstaða hennar sú að birtingarmynd Guðs er sístæður skapari alls sem ætíð er nálægur og á í persónulegu sambandi við hvert og eitt barn er hann elskar skilyrðislaust.¹³

Þá skrifaði Jóhanna Gísladóttir árið 2015 mag.theol. ritgerðina „,Kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður“: Boðun og guðsmyndir í fermingarfræðsluefni þjóðkirkjunnar“. Þar skoðaði Jóhanna guðsmyndir og boðun barna.¹⁴ Markmið Jóhönnu var að rannsaka hverjar helstu áherslur þjóðkirkjunnar væru í boðun fagnaðarerindisins í fræðsluefni fermingarbarna við upphaf 21. aldarinnar með áherslu á guðsmynd og kristinn mannskilning. Í ritgerð sinni kynnti hún til leiks nýútgefið fræðsluefni þess tíma er ætlað var fermingarbörnum. Þar skoðaði hún þær áherslubreytingar er urðu frá því fræðsluefni er áður hafði verið í boði með sérstöku tilliti til jafnréttis.¹⁵ Niðurstaða Jóhönnu var að sá Guð er birtist fermingarbörnum í lesefni þeirra væri umlykjandi, kærleiksríkur og réttlátur er reyndist auðvelt að tengja við. Hins vegar væri guðsmyndin þó á mörkum þess að vera of barnaleg. Jafnframt væri guðsmyndin of einsleit auk þess er hún samræmdist ekki jafnréttiskröfum þjóðkirkjunnar þar sem karllægt tungutak væri mest ráðandi. Boðunarhluta efnisins taldi hún hins vegar höfða vel til ungmennanna og vera bæði vandaðan og leiðandi fremur enn skipandi.¹⁶

Að lokum tók ég til skoðunar BA ritgerð Þóru Bjargar Sigurðardóttur er hún skrifaði árið 2016 og heitir „Guðsmyndir og börn“.¹⁷ Þar lagði Þóra Björg áherslu á guðsmynd barna. Einnig tók hún fyrir það fræðsluefni er var á vef efnisveitu þjóðkirkjunnar¹⁸ fyrir sunnudagaskóla er bar yfirskriftina *Í sjöunda himni - veturinn*

¹³ Anna Þóra Paulsdóttir, „Maðurinn, umhverfið og Guð: Guðsmynd, mannskilningur og heimsm mynd sem boðað er í æskulýðs- og fermingarstarfi þjóðkirkjunnar og í starfi grunnskóla,“ bls. 66-67.

¹⁴ Jóhanna Gísladóttir, „,Kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður“: Boðun og guðsmyndir í fermingarfræðsluefni þjóðkirkjunnar“ (Mag. theol.-ritgerð, Háskóli Íslands, 2015), bls.8.

¹⁵ Jóhanna Gísladóttir, „,Kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður“: Boðun og guðsmyndir í fermingarfræðsluefni þjóðkirkjunnar,“ bls.8.

¹⁶ Sama heimild, bls.64.

¹⁷ Þóra Björg Sigurðardóttir, „Guðsmyndir og börn“ (BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2016), bls. 6, sótt 9. febrúar 2024 af: <http://hdl.handle.net/1946/26055>.

¹⁸ Varðandi fræðsluefni fyrir börn á efnisveitu þjóðkirkjunnar er vert að taka það fram að það er umfangsmikið og endurnýjað á hverju ári. Uppsetning þess fyrir hvern sunnudag er biblúsaga, söngvar, brúðuleikrit, teikningar, iðja og itarefni.

2015-2016.¹⁹ Hún skoðaði guðsmyndina út frá sjónarhorni guðfræðinnar. Auk þess studdist hún við rannsóknir í trúarlífssuppeldis- og kennslufræðum. Markmið Þóru Bjargar var að kanna hvers beri að gæta varðandi framsetningu kristinnar guðsmyndar í fræðsluefni fyrir börn.²⁰ Hún skoðaði þrjátíu frásögur og segir það hafa komið sér hvað mest á óvart við yfirferðina á barnaefninu hve lítið væri í raun talað um Guð eða aðeins í helmingi frásagnanna. Einnig sagði Þóra Björg að í ljósi hugmynda hinnar kristnu trúar um þríeina Guð hlyti það að teljast nokkuð skekkkt framsetning að aldrei væri minnst á heilagan anda í öllum þrjátíu frásögnunum.²¹ Niðurstaða Þóru Bjargar var sú að talað væri um Guð sem stórkostlegan, máttugan og sterkan er sýndi skilyrðislausu náð og elskaði alla jafnt. Þá sagði hún að mest væri talað um Guð sem son, þ.e.a.s., um Jesú Krist, en einnig talsvert sem föður. Einnig benti hún á að í orðræðunni um Jesú Krist kæmi fram að hann hafi mannlega eiginleika í bland við guðlega. Það væri hins vegar aldrei talað um Guð sem móður eða heilagan anda. Þá sagði Þóra Björg að heilt yfir hefði henni fundist eiginleikum Guðs lýst á góðan hátt í fræðsluefninu en fjölbreytileikinn hefði mátt vera meiri.²²

Nú til dags höfum við meiri aðgang en hér áður fyrr að alls konar fræðsluefni í formi ritgerða, rannsókna og bóka, svo eitthvað sé nefnt. Því ætti okkur flestum að vera það ljóst samkvæmt þekkingu okkar á heiminum í dag að við fæðumst ekki í tómarúmi heldur erum við frá fyrstu stundu hluti af stærri heild.²³ Í ljósi þeirra rannsókna er gerðar hafa verið á guðsmynd barna og birtingarmynd Guðs í fræðsluefni fyrir börn ásamt þeirri þekkingu er þegar virðist vera til staðar þá spyr ég: Hefur þessi þekking skilað sér inn í sunnudagaskólana og barnastarf þjóðkirkjunnar og ef svo, hvernig merkjum við það? Hverju getur vistguðfræðin skilað inn í þessar umræður? Hvernig töluð við um Guð út frá vistguðfræðinni?

¹⁹ Þóra Björg Sigurðardóttir, „Guðsmyndir og börn,“ bls. 21.

²⁰ Sama heimild, bls. 6.

²¹ Sama heimild, bls. 25.

²² Sama heimild, bls. 24-25.

²³ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 60.

1.2 Aðferðafræði og forsendur/heimildir

Megin markmið þessarar ritgerðar er tvíþætt. Annars vegar að gera grein fyrir niðurstöðum þeirrar könnunar er ég gerði á því námsefni er notað var í barna- og æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar vorið 2023 og haustið 2024. Þar skoðaði ég tvo þætti. Annars vegar hver birtingarmynd Guðs er í barnaguðfræði þjóðkirkjunnar og hins vegar hvert viðhorf barnastarfsfræðaranna er til þeirrar barnaguðfræði og þess fræðsluefnis er boðið var upp á í barnastarfi þjóðkirkjunnar 2023-2024.²⁴

Seinni þátturinn er fræðilegi hluti ritgerðarinnar er hverfist um hugtakið *barnaguðfræði* (e. *Child Theology*) þar sem leitað verður í smíðju Sigurðar Pálssonar, frumkvöðuls á sviði barnaguðfræði á Íslandi.

Í því samhengi verður gerð grein fyrir helstu hugtökum er koma við sögu innan vistguðfræðinnar. Þar ber að nefna *kristna guðsmynd*, *mannskilning*, *heimsmynd* og *kristna siðfræði*. Sú umfjöllun verður m.a. byggð á rannsóknum Sólveigar Önnu Bóasdóttur, prófessors í siðfræði við Háskóla Íslands og nýlegri doktorsritgerð Bjarna Karlssonar er lýtur að fátækt og vistkerfisvanda heimsins.

Tilgangur skoðunarinnar hverfist um að varpa ljósi á hver sé birtingarmynd kristinnar guðsmyndar, mannskilnings og heimsmynar í því fræðsluefni þjóðkirkjunnar er ætlað er börnum. Einnig er tilgangurinn sá að skoða hvaða viðhorf eru ríkjandi í námsefninu gagnvart kynjafræðilegri/femínískri guðfræði, náttúrusýn, umhverfissiðfræði og vistguðfræði.

Ritgerðinni er ætlað að svara því hver sá Guð er sem boðaður er börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar nú um stundir. Einnig er tilgangurinn sá að skoða hvort vistguðfræðin hafi skilað sér inn í námsefni barnaefnis þjóðkirkjunnar.

Könnunina framkvæmdi ég með þeim hætti að ég sótti sunnudagaskóla, barnamessur og fjölskyldumessur nokkurra kirkna á höfuðborgarsvæðinu. Þar fylgdist ég með helgistundinni, tók glósur og veitti eigin upplifun gaum. Þá tók ég viðtal við nokkra fræðara í barnastarfinu, bæði þeirra kirkna er ég heimsótti en einnig annarra. Það gerði ég ýmist beint eftir helgistundina eða símleiðis. Þá ber að nefna að fræðararnir tóku vel á móti mér og voru almennt forvitnir um könnunina og fúsir til þátttöku.

²⁴ Þá er vert að taka það fram að nálgun viðfangsefnisins krefst ekki sérstaks leyfis.

Þegar kom að úrvinnslu þeirra gagna er ég hafði safnað saman um viðfangsefnið þá skoðaði ég hvort mikla fjölbreytni væri að finna við uppbyggingu fræðslustundanna/helgistundanna/sunnudagaskólans eða hvort hún væri með svipuðum hætti milli kirknanna. Þar tók ég til skoðunar efnis- söngva og sálmaval fræðaranna. Einnig kannaði ég hvort efnisvalið kæmi úr smiðju efnisveitu þjóðkirkjunnar að hluta til eða að öllu leiti. Í beinu framhaldi kannaði ég viðhorf fræðaranna til efnis efnisveitunnar. Þá kannaði ég hvers vegna eða hvers vegna ekki tiltekið efnis- söngva og sálmaval varð fyrir valinu. Auk þess skoðaði ég tíðni á notkun söngva, sálma og hvers efnis fyrir sig.

Í beinu framhaldi tók ég saman niðurstöðurnar og leitaðist við að greina þær út frá guðfræðilegu sjónarhorni með áherslu á birtingarmynd guðsmýndarinnar út frá tungutaki og myndlíkingum efnisins. Tilgangurinn er sá að kanna hvort hin femíníska gagnrýni undanfarinna ára á kristnar guðsmýndir í tengslum við umhverfisiðfræði og vistguðfræði hafi skilað sér út í söngva, sálma og efnisvalið.

Greiningarspurningar

Þær spurningar er lagt verður upp með og leitast verður við að svara í ritgerðinni eru eftirfarandi:

- i) Hver er tilgangur og markmið barnastarfs þjóðkirkjunnar?
- ii) Hvaða guðsmýnd, heimsmynd, mannskilningur og náttúrusýn er boðuð og birtist í barnasálmum- og söngvum og fræðsluefni í barnastarfi þjóðkirkjunnar? Er úrval efnisins byggt á vinsældum? Er úrval efnisins byggt á viðhorfum fræðaranna?
- iii) Hefur gagnrýni hinnar kynjafræðilegu/femínísku vistguðfræði skilað sér inn í guðfræði barnastarfs þjóðkirkjunnar 2023-2024, ef svo, með hvaða hætti? Er rými fyrir nýjar skilgreiningar og endursköpun?
- iv) Hvernig er kennslunni almennt háttað? Er þörf fyrir sérstaka barnaguðfræði (e. *Child Theology*)?

Uppbygging ritgerðarinnar

Í fyrsta kaflanum verður farið yfir stöðu þekkingar hér á landi á umfjöllunarefni ritgerðarinnar. Þá verður greint frá markmiðum og tilgangi ritgerðarinnar. Því næst er aðferðafræði skoðunarinnar kynnt ásamt greiningarspurningum. Einnig verður fjallað um þær forsendur er liggja að baki skoðuninni. Að lokum verður farið yfir helstu

hugtakanotkun er tengist fræðilegri umfjöllun ritgerðarinnar. Hvað einkennir kristna guðsmynd, heimsmynd og náttúrusýn í umhverfissíðfræði og vistguðfræði nútímans/samtímans.

Í öðrum kaflanum verður gerð grein fyrir hinu fjölbætta hugtaki *barnaguðfræði* (e. *Child Theology*). Í því samhengi er fjallað um muninn á barnaguðfræði, guðfræði með börnum, guðfræði handa börnum og guðfræði barna. Jafnframt verður skoðað með hvaða hætti trúarkennslu barna er háttáð í sunnudagaskólum í dag.

Í þriðja kafla verður gefin innsýn í námsefni sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar 2023-2024. Það verður skoðað í ljósi fræðilegrar umfjöllunar ritgerðarinnar. Þar er tilgangurinn að skoða hvort barnastarfið taki mið af umhverfismálum og eða jafnréttismálum?

Í fjórða og síðasta kafla fer fram umræða um niðurstöður könnunarinnar þar sem dregnar verða ályktanir af þeim niðurstöðum.

1.3 Stutt umfjöllun um helstu hugtök

1.3.1 Guðsmynd (l. *imago Dei*) og femínísk vistguðfræði Sallie McFague

„Af hverju, afi? Af hverju sjáum við ekki Guð?“ Þannig spurði barnið afa sinn Sigurbjörn Einarsson biskup í bók hans *Af hverju, afi?*²⁵ Sigurbjörn afi svaraði barninu með því að spyrja hvort það hefði séð sjálft sig? „Í speglinum já,“²⁶ svaraði barnið. Afí svaraði því til að barnið væri ekki sú mynd er það sæi af sjálfu sér í speglinum, né heldur gæti nokkur séð hugsanir þess, ekki nema að það gerði eitthvað er hægt væri að sjá. Þá kæmu hugsanirnar fram er barnið talaði. Með þeim hætti væri hugur fólks alveg jafn ósýnilegur og Guð. Þá spurði barnið hvernig við getum vitað að Guð sé til. Það vitum við, svaraði afí, með því að hugsa um, hlusta og tala við Guð sem langar einmitt að komast inn í huga okkar í þeim tilgangi að fegra hann og gleðja. Þess vegna sendi Guð okkur Jesú, sagði afí, til þess að gefa okkur mynd af sjálfum sér.²⁷

²⁵ Sigurbjörn Einarsson, *Af hverju, afi?: Talað við börn í jólahug* (Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2004), bls. 5 og 47.

²⁶ Sigurbjörn Einarsson, *Af hverju, afi?: Talað við börn í jólahug*, bls. 47.

²⁷ Sama heimild, bls. 49.

Í inngangi ritgerðarinnar spurði ég að því hvað og hvar Guð sé, hvort hægt væri að sjá eða að finna fyrir Guði og þá hvort Guð væri nálægur eða fjarlægur og hver birtingarmynd persónu Guðs væri? Í fyrsta kafla Jóhannesarguðspjalls glímir Jóhannes við guðsmyndina þar sem hann leitast við að útskýra fyrir áheyrendum sínum tilvist Jesú Krists, eða hvernig „Orðið“ hafi orðið hold:

„Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Sonurinn eini, Guð sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann“, (Jóhannesarguðspjall 1.18).²⁸

Þeir eru margir guðfræðingarnir og heimspekingarnir er fengist hafa við spurninguna um guðsmyndina og hið klassíska guðfræðilega hugtak *mynd Guðs* (l. *imago Dei*). Samkvæmt Sólveigu Önnu Bóasdóttur tengir hugtakið *imago Dei* saman guðsskilning og mannskilning. Þar af leiðandi segir hún það draga upp útlínur að því er felist í mannlegu lífi.²⁹ Einnig hefur sú fullyrðing er finna má innan hinnar vestrænu kristnu hefðar um að „maðurinn sé skapaður í mynd Guðs“ líkt og segir í sköpunarfrásögu fyrstu Mósebókar,³⁰ alltof lengi verið bundin því að um sé að ræða karlmanninn.

Þá má finna ýmsar þekktar útleggningar á hinni klassísku guðsmynd hjá guðfræðingum fyrri alda. Á fjórðu öld talaði Ágústínus kirkjufaðir frá Hippó, um Guð sem tímalausa og óbreytanlega veru er væri hátt upphafin og utan veruleika mannsins og því einnig heimsins. Samskonar hugmyndir hafði Tómas af Akvínó, einn þekktasti guðfræðingur miðalda. Hann lagði áherslu á Guð sem fyrstu orsök alls er til væri ásamt hinni óendanlegu fjarlægð milli sköpunarinnar og Guðs.³¹

En af hverju, ætti ég að leita samræðna um hina kristnu guðsmynd við hina lærðu karlguðfræðinga fyrri alda þegar ég get snúið mér, líkt og Sólveig Anna, til samræðna við

²⁸ Jóh1.18.

²⁹ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kærleikur og líknsemi: Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs í ofbeldissambandi,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 38 (2014): bls. 84-96, hér bls. 84, sótt 22. apríl 2024 af: <https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/164>.

³⁰ 1Mós 1.27.

³¹ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017), bls. 51-76, hér bls. 53.

Sallie McFague³² sem er einn þekktasti femíníski vistguðfræðingur samtímans?³³ Samkvæmt Sólveigu Önnu hafnar McFague flestum klassískum guðsmyndum ásamt þeirri sterku áherslu er mótmælendaguðfræðin leggur á persónulegan Guð. Slíkar fornaldar- og miðaldahugmyndir um guddóminn séu úr garði gengnar er samræmist hvorki lífsskoðunum fólks í samtímanum né reynslu þess og þekkingu. Þar af leiðandi verði, segir Sólveig Anna samkvæmt McFague, að skilja Guð á annan hátt.³⁴

Fyrir rúmum þrjátíu árum eða árið 1993 gaf McFague út bókina *The Body of God: An Ecological Theologi*. Þar bauð hún fram hugmyndalíkan er byggir á enska hugtakinu *panentheism* er merkir að „allt er í Guði: Náttúran streymir frá Guði og er Guði samofin, en ekki sama eðlis“.³⁵ Það hverfist um að heimurinn og jörðin séu sem líkami Guðs. Þannig felur það í sér að guddómurinn sé hugsaður sem lífskrafturinn sjálfur er knýi allt líf áfram. Sé guddómurinn hugsaður með slíkum hætti ætti það að auðvelda fólki að skilja náttúruna og jörðina sem líkama Guðs. Samkvæmt Sólveigu Önnu felur þetta guðfræðilíkan í sér nýja möguleika á að skilja mikilvægi náttúrunnar og heimsins. Einnig feli það í sér nýja möguleika á að skilja eðli guddómsins er sé ekki fjarlægur stjórnandi að mati McFague, heldur sé guddómurinn fremur nálægur vinur.³⁶ Þannig sé líkamslíkingunni, þ.e. að hinn kristni Guð gerðist hold er birtist í Jesú Kristi og bjó á meðal manna í heiminum,³⁷ ætlað að beina athygli fólks að hinu nálæga. Eða með öðrum orðum að beina athyglinni að náttúrunni og jörðinni sem náunga okkar.³⁸ Í guðfræðilegri orðræðu vísar það að kalla náttúruna „náunga“ til gyðingkristna kærleiksboðorðsins um að elska náungann líkt og sjálfan sig.³⁹

Innan guðfræðinnar er *imago Dei* í stöðugri mótun er markast af mannskilningi fólks og þeirri reynslu, þekkingu og heimsmynd er er til staðar hverju sinni. Innan fræða

³² Sallie McFague er bandarískur guðfræðingur og brautryðjandi á sviði femínískrar vistguðfræði á heimsvísu. Í um aldarfjórðung hefur hún ritað margt um þau mál og er sannfærð um að guðfræðingar innan hinnar kristnu hefðar verði að taka alvarlega þá gagnrýni er beinst hefur að þætti guðfræðinnar í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál samtímans. (Skv. Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 57).

³³ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 55.

³⁴ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 55.

³⁵ Sama heimild, bls. 68.

³⁶ Sama heimild, bls. 55-56.

³⁷ Jóh 1.14.

³⁸ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 56.

³⁹ 3Mós 19.18; Matt 22.36-40; Róm 13.8-10.

sálgreiningarinnar hefur til að mynda samkvæmt Sigurði Pálssyni verið notast í vaxandi mæli við enska hugtakið „object representations“ til að lýsa þeirri mynd er við geymum í huga okkar af þeim er eru okkur kærastir og mikilvægastir. Hugtakið sé grundvallað af hugtakinu *image, mynd eða ímynd* í tengslum við *guðsmynd*. Í því samhengi segir Sigurður að Rizzuto kjósi að notast við enska hugtakið „God representation“ eða *lifandi mynd af Guði* til þess að lýsa því hvernig myndin verði virk og taki breytingum til æviloka.⁴⁰ Þannig er guðfræðin í stöðugu samtali við samfélagið og menningu þess bæði í fortíð og nútíð. Í því samhengi varpa ég fram spurningunni: Á hvers konar Guði er þörf? Hver veit nema svarið við þeirri spurningu sé að finna í hinum fleygu orðum nítjándu aldar skáldsins Steingríms Thorsteinssonar er orti svo:

Trúðu á tvennt í heimi.
Tígn sem æðsta ber.
Guð í alheims geimi.
Guð í sjálfum þér.⁴¹

Steingrímur Thorsteinsson

1.3.2 Kristinn mannskilningur og hlutverk kristinnar siðfræði

Líkt og fram hefur komið kallar McFague eftir breyttri guðsmynd. Rök hennar fyrir þeirri breytingu byggja bæði á guðfræðilegum og siðfræðilegum grunni.⁴² Sú breyting felur jafnframt í sér breytingu á þeim kristna mannskilningi er grundvallaður er á Biblíunni og kristinni trúarhefð. Í því samhengi er vert að skoða hlutverk hinnar kristnu siðfræði í tengslum við einkenni hins kristna mannskilnings.

Samkvæmt kristnum mannskilningi er manneskjan flókin og samsett vera af líkama, anda og sál⁴³ en er um leið ein heild.⁴⁴ Þá er hugtakið „mannhelgi“ kjarnahugmynd hins kristna mannskilnings er Sólveig Anna segir sækja næringu sína til vestrænnar heimspeki og guðfræði. Þar gegni hugtökin „kærleikur“ og „réttlæti“

⁴⁰ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 57-58.

⁴¹ Steingrímur Thorsteinsson, *Trúðu á tvennt í heimi*, óþekkt dagsetning, vísnaðsáfn Sigurðar J. Gíslasonar í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Sótt 18. apríl 2024 af: <https://bragi.arnastofnun.is/skag/visur.php?VID=14516>.

⁴² Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 72.

⁴³ 1Þess 5.23.

⁴⁴ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur“, bls. 99.

veigamiklu hlutverki sem burðarhugtök í framsetningu kristinnar siðfræði ásamt hugtakinu „náð“ er sé óumdeilanlega eitt mikilvægasta hugtak hinnar lúthersku siðbótar. Með þeim hætti segir Sólveig Anna áhersluna vera lagða á breyskleika og synd manneskjunnar þegar talað sé um kristinn mannskilning í brotnum heimi. En um leið standi þeim er iðrist gjörða sinna til boða miskunn og náð Guðs ásamt réttlæti og kærleika.⁴⁵ Kristinn mannskilningur er því hlaðinn spennu átaka milli góðs og ills.

Þá er kristinn mannskilningur segir Sólveig Anna m.a. byggður á þeim áherslum er finna megi í frásögnum Gamla testamentisins um að manneskjan sé sköpuð í mynd Guðs. Sú guðshugmynd hverfist um að Guð hafi skapað manneskjunnar sérstöðu með því að veita henni tign og reisn. Þá elski Guð alla sína sköpun jafnt óháð breytni og verðleikum og því hafi allar manneskjur sama gildi fyrir augliti Guðs.⁴⁶

Um þessa sérstöðu manneskjunnar í sköpunarverkinu segir Sigurður Pálsson hana ekki einungis tilkomna vegna vitsmunalegra eða líffræðilegra yfirburða hennar. Miklu fremur sé hún tilkomin vegna þess að Guð tali til manneskjunnar og kalli hana bæði til samfélags við sig og ábyrgðar gagnvart sér. Slík ábyrgð feli jafnframt í sér frelsi til að velja. Þó sé manneskjan ekki frjálts samkvæmt kristnum mannskilningi nema að hún lúti vilja Guðs. Ennfremur tekur Sigurður undir með Sólveigu Önnu um að kærleikurinn sé kjarninn í afstöðu Guðs til manneskjunnar og slíkt kærleiksávarp kalli á andsvar. Menntan sé því bæði fólgin í því að lifa í kærleikssambandi bæði við Guð og náungann.⁴⁷ Í hnotskurn má því segja að samkvæmt Biblíunni sé manneskjan sköpuð af Guði til samfélags við skapara sinn en einnig til ábyrgðar gagnvart skapanum.

Í ljósi þessara útleggunga á kristnum mannskilningi og hlutverki hinnar kristnu siðfræði liggur beint við að spyrja hvaða mannskilning hin nýja vistguðfræðilega guðsmynd McFague gæti leitt af sér? Því svarar Sólveig Anna hiklaust að manneskjan muni eigi frammar verða „kóróna“ sköpunarverksins í þeirri hrokafullu merkingu líkt og hin vestræna trúarhefð hefur haldið fram í gegnum tíðina. Þess í stað verði litið á manneskjuna sem eina lífveru meðal margra annarra er eigi hver sinn rétt á að þrífast á jörðinni.⁴⁸

⁴⁵ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 50 (2020): bls. 90-100, hér bls. 90, sótt 22. apríl 2024, doi: 10.33112/theol.50.7.

⁴⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur,“ bls. 99.

⁴⁷ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 28.

⁴⁸ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 72.

1.3.3 Heimsmynd og kristin umhverfissíðfræði

En hver hefur birtingarmynd andsvars manneskjunnar verið gagnvart kærleiksávarpi Guðs? Í leit að svari sný ég mér til samræðna við Bjarna Karlsson er skrifaði ritgerð til doktorprófs árið 2020 undir heitinu „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmeningarsamfélagi eftirnútímans“.

Viðfangsefni doktorsritgerðar Bjarna er bæði flókið og umfangsmikið þar sem hann ber saman heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak fjögurra veigamikilla texta í því samhengi.⁴⁹ Í grófum dráttum er niðurstaða Bjarna sú að komið sé að ákveðnum vatnaskilum hvað varðar hnattræna orðræðu um vistkerfi og fátækt. Þau skil kristallist í nýrri sýn segir Bjarni á þörfinni fyrir *siðferðilegri hugsun*⁵⁰ og tengslaeðli veruleikans. Þessa vitneskju segir hann ákall til heimsins um að velta fyrir sér upp á nýtt þeirri spurningu er varði eðli manns og heims auk þess er víkka og dýpka þurfi fátæktarhugtakið.⁵¹ Í stuttu máli sagt virðist mér á umfjöllun Bjarna sem ábyrgð manneskjunnar hafi stigið henni til höfuðs. Hvað varðar nútímahugsun um stöðu manneskjunnar í heiminum í dag virðist hún fyrst og fremst samkvæmt Bjarna ganga út frá hagsmunum mannfólksins. Til að lýsa þessum hagnýtu tengslum manneskjunnar við efnisheiminn leggur Bjarni fram áhugaverða samlíkingu: „Á hóteli neytir maður þess sem efnin leyfa og skilur svo notuðu handklæðin eftir á gólfinu við brottför“.⁵² Þetta er vægast sagt dapurleg lýsing á framkomu manneskjunnar við sköpunarverkið. Þeirri hugmynd fólks um það að jörðin sé notadrjúgur neysluvettvangur segir Bjarni muni halda áfram enda sé hún innbyggð í nútímaheimsmynd.⁵³

Þá heldur Bjarni því fram að til sé orðin ákveðin málefnastaða um nýja heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak þar sem „*mannmiðlægni*⁵⁴ sé hafnað en

⁴⁹ Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmeningarsamfélagi eftirnútímans“ (Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2020), bls. 247-248. (Sjá töflu 2; Hinir fjóru textar eru: Stokkhólmsskýrslan 1972; Brundtlandskýrslan 1987; Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) 2015 og Umburðarbréf Frans páfa 2015).

⁵⁰ Samkvæmt Bjarna Karlssyni: „*Siðferðileg hugsun* er hugtak sem varðar kröfu um tilgang og merkingu lífsins“: Sjá neðanmálgrein: Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmeningarsamfélagi eftirnútímans“, bls. 4.

⁵¹ Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmeningarsamfélagi eftirnútímans“, bls. 3.

⁵² Sama heimild, bls. 50.

⁵³ Sama heimild, bls. 50.

⁵⁴ Samkvæmt Bjarna Karlssyni „gerir hugtakið *mannmiðlægni* ráð fyrir að maðurinn sem tegund sé aðalatriði veruleikans og helsta dýrmæti heimsins“: Sjá neðanmálgrein; Bjarni Karlsson,

*lífmiðlægni*⁵⁵ fagnað“. Þá sé mælt fyrir því að taka upp *heildarhyggju*⁵⁶ samhliða höfnun á einstaklingshyggjunni. Jafnframt fullyrðir Bjarni að kristin guðfræði sé í stakk búin til að styðja við og bæta þá orðræðu með þeim hætti að *guðmiðlægt*⁵⁷ sjónarhorn guðfræðinnar feli einnig í sér lífmiðlægt sjónarhorn.⁵⁸

Hin nýja staða er Bjarni kynnir vísar til sambandsins milli heimsmýndar og kristins mannskilnings er felur það í sér samkvæmt Sólveigu Önnu að manneskjan sé tengslavera.⁵⁹ Af því sem fram hefur komið virðist sem manneskjan hafi svarað kærleiksávarpi Guðs með óhlýðni.

Áður en lengra er haldið er gott að líta stuttlega yfir farinn veg. Í gegnum tíðina hafa femínískir guðfræðingar harðlega gagnýnt hefðbundin viðhorf á kristinni guðsmynd, mannskilningi og þeirri náttúrusýn er endurspeglast í heimsmýnd samtímans. Í því samhengi kallar femíníski vistguðfræðingurinn McFague, ásamt fleirum, eftir breyttri guðsmynd. Slík guðsmynd gæti ógnað stöðu manneskjunnar þar sem hún yrði ekki lengur mannmiðlæg heldur guðmiðlæg með lífmiðlægu sjónarhorni. Þá er staðan sú að allri sköpun jarðar stafar hætta af úreltum guðfræðilegum viðhorfum og bókstaflegum túlkunum á ritningunni í ljósi þeirra heimsmýndar er blasir við okkur. Þess vegna er mikilvægt að leita leiða til þess að finna nýjum hugmyndum vistguðfræðinnar farveg inn í framtíðina. Við uppskerum sem við sáum. Því skyldi markmiðið ætíð vera að upp vaxi lífvænlegur ávöxtur er á sér framtíð. Í næsta kafla mun ég skoða hugtakið *barnaguðfræði*. Þar er hugsanlega að finna aðferðir er hægt væri að nýta markvisst til þess að færa boðskap vistguðfræðinnar inn í barnaefni sunnudagaskóla samtímans.

„Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmýndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 3.

⁵⁵ Samkvæmt Bjarna Karlssyni „merkir hugtakið *lífmiðlægni* að vistkerfið með formum sínum og ferlum sé grundvallandi þáttur veruleikans og maðurinn sé þátttakandi í vistkerfinu“: Sjá neðanmálsgrein; Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmýndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 3-4.

⁵⁶ Samkvæmt Bjarna Karlssyni: „*Heildarhyggja* er hugtak yfir þá afstöðu að allt sé innbyrðis tengt og hvað öðru háð og þess vegna er leitast við að greina samhengi milli þátta“: Sjá neðanmálsgrein; Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmýndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 4.

⁵⁷ Samkvæmt Bjarna Karlssyni „varðar hugtakið *guðmiðlægni* þá sýn á mann og heim að allt sé skapað og eigi Guð að forsendu. Veruleikinn er þá túlkaður sem birtingarmynd Guðs“: Sjá neðanmálsgrein; Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmýndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 4.

⁵⁸ Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmýndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 3.

⁵⁹ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur,“ bls. 99.

2. Barnaguðfræði

Af hverju, barnaguðfræði? Er þörf fyrir slíka guðfræði? Getur verið að Guð barna sé ólíkur Guði fullorðna fólksins? Eða, getur hér verið um að ræða einhvern skort á viðhorfi guðfræðinnar til barna? Hvert er viðhorf kirkjunnar til barna?

Barnaguðfræði (e. *Child Theology*) er tiltölulega nýtt hugtak bæði á sviði guðfræðinnar og trúaruppeldisfræðinnar. Frumkvöðull þeirra fræða hér á landi er án efa Dr. Sigurður Pálsson, fyrrum sóknarprestur í Hallgrímskirkju. Í þessum kafla mun ég kafa dýpra ofan í þessar spurningar og ræða ólíkan skilning fræðimanna á því hvað hugtakið barnaguðfræði felur í sér ásamt umræðu um ólíkar áherslur í trúarkennslu barna. Hvað þátt trúarkennslunnar varðar mun ég skoða áhugaverða grein frá árinu 2010 eftir dr. Gunnlaug A. Jónsson um menntun barna í hinni fornu Ísrael.⁶⁰

Þrátt fyrir að hugtakið „barn“ sé gegnumgangandi bæði í Nýja og Gamla testamentinu og þrátt fyrir að barnið hafi miðlæga stöðu innan Biblíunnar þá virðist sem barnið sé jaðarsett í guðfræðinni.⁶¹ Það er skoðun Sigurðar Pálssonar sem bendir á að barnaguðfræði sem sérstök fræðigrein hafi fyrst komist á dagská í Bandaríkjunum og Evrópu um og upp úr síðustu aldamótum.⁶² Þá hefur umræðan um barnaguðfræði átt sér stað í Þýskalandi, Norður Ameríku, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum frá því á miðjum níunda áratug 20. aldar.⁶³ En barnaguðfræðin virðist ekki hafa náð fótfestu enn sem komið er í guðfræðilegri umræðu hér á landi.

Hvað er þá barnaguðfræði? Samkvæmt Sigurði er barnaguðfræði sú tegund guðfræðinnar er spyr um þarfir og sjónarhorn barna.⁶⁴ Sigurður flokkar barnaguðfræðina niður í eftirfarandi fimm flokka eftir eðli, aðferðum og áherslum:

⁶⁰ Gunnlaugur A. Jónsson, „Þegar sonur þinn spyr þig – kennsla barna í 5. Mósebók,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 31 (2010): bls. 60-72, hér bls. 60, sótt 16. janúar 2024 af: <https://timarit.is/page/6560286?iabr=on#page/n61/mode/2up>.

⁶¹ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 146.

⁶² Sigurður Pálsson, „Börn sem ritskýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 35 (2012): bls. 119-138, hér bls. 119, sótt 16. janúar 2024 af: <https://timarit.is/page/6688603?iabr=on#page/n137/mode/2up>.

⁶³ Sigurður Pálsson, „Börn sem ritskýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, bls. 135.

⁶⁴ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 146.

2.1 Guðfræði um börn

Guðfræði um börn, segir Sigurður Pálsson, hverfist um ritskýringu og túlkun á ummælum Jesú Krists um börn. Bæði í Nýja og Gamla testamentinu séu börn mikilvægt þema. Þá séu það ummæli Jesú um börn í Nýja testamentinu er geri það mikilvægt að samstæðileg guðfræði takist á við að greina stöðu barnsins bæði í kristninni og líka innan kirkjunnar. Þó það hafi að einhverju leyti verið gert með guðfræði skírnarinnar. Þá segist Sigurður taka undir þær raddir er telji barnið hafa verið hornreka í guðfræðilegri umræðu.⁶⁵ Hér segir Sigurður guðfræðina þurfa að skoða ýmis ummæli Jesú. Sem dæmi nefnir hann að barnaguðfræðin þurfi að kryfja hvað Jesús hafi átt við er hann þakkaði Guði fyrir að hafa opinberað boðskap sinn fyrir smælingjunum, en hulið það spekingum og hyggindamönnum, (Matt 11.25).⁶⁶

2.2 Guðfræði af sjónarhóli barna

Guðfræði af sjónarhóli barna má skilja sem þá guðfræði er leggur ríka áherslu á stöðu barna við tilteknar aðstæður í samtímanum og Biblíunni. Það bendir Sigurður Pálsson á að sé gert með því að nýta barnið sem lykil að guðfræðilegri túlkun og íhugun og því liggi áherslan á guðfræðinni sem slíkri. Þá hafi sumir fræðimenn viljað setja þessa áherslu í flokk með samhengisbundinni guðfræði (e. *contextual*), líkt og femínísku guðfræðinni eða frelsunarguðfræðinni, er leggi áherslu á stöðu barnsins í samfélagslegu samhengi. Því sé það algengt að hún leitist við að vekja athygli á því ofbeldi og óréttlæti er sum börn búa við með það að leiðarljósi að bæta stöðu barnanna í kirkjunni eða samfélaginu. Þá sé einnig fengist við að skoða stöðu barnsins við samskonar aðstæður og tilteknir biblíutextar greini frá.⁶⁷ Um leið og barnaguðfræðin snúist um allt er falli undir flokkana fimm, þá snúist hún einkum og sér í lagi um vangaveltur um Guð, frá sjónarhóli barna.⁶⁸

2.3 Guðfræði barna

Guðfræði barna er sú tegund barnaguðfræðinnar er fæst við rannsóknir á því hvort börn geti velt fyrir sér og túlkað biblíutexta á sjálfstæðan hátt, þ.e., hvort börn geti verið ritskýrendur. Samkvæmt Sigurði Pálssyni hafa margir lýst yfir efasemdum sínum um að

⁶⁵ Sigurður Pálsson, „Börn sem ritskýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, bls. 121.

⁶⁶ Matt11.25

⁶⁷ Sigurður Pálsson, „Börn sem ritskýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, bls. 123.

⁶⁸ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 146.

eitthvað sé raunverulega til er kallast geti guðfræði barna. Sé hins vegar gengið út frá því að guðfræði barna sé raunin, segir Sigurður og vitnar í Friedrich Schweitzer, þá verði um leið að ganga út frá því að börn hafi eigin skilning á Guði líkt og þar með eigin guðsmynd.⁶⁹

2.4 Guðfræði fyrir börn

Guðfræði fyrir börn segir Sigurður Pálsson mega flokka sem stuðningsgrein við trúaruppeldisfræðina. Þessi tegund leitist við að gera sér grein fyrir hvaða guðfræðilegu og trúarlegu og námsefni séu best til þess fallin að kynna fyrir börnum á ólíkum þroskaskleiðum. Einnig falli þar undir að finna hvernig leiðbeinandinn geti miðlað trúarlegri þekkingu og skilningi til barnsins ásamt því hvernig megi gera það merkingarbært í hugum barnanna.⁷⁰

2.5 Guðfræði með börnum

Guðfræði með börnum er sú guðfræði samkvæmt Sigurði Pálssyni er felur í sér samræður milli barna og fullorðinna um biblíufrásagnir og tilvistarspurningar. Þar sé það ekki hlutverk hins fullorðna að veita barninu svör heldur hverfist hlutverk hins fullorðna um að hvetja barnið og vekja til undrunar. Tilgangurinn sé að laða fram hugsanir og reynslu barnsins um guðfræðileg málefni ásamt því að veita barninu svigrúm til að vinna með efnið og velta því fyrir sér. Með slíkri aðferð aukist þekking og skilningur barnsins á viðfangsefninu.⁷¹

Í hnotskurn væri hægt að segja að í grunninn hverfist barnaguðfræðin um að taka vel á móti börnunum, líkt og Jesús Kristur gerði og sagði, *Leyfa börnunum að koma til mín*:

„Menn færðu og til hans ungbörninn svo að hann snerti þau. Lærisveinarnir sáu það og átöldu þá. En Jesús kallaði þau til sín og mælti: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma“, (Luk 18.16; Mark 10.14; Matt 19.14).⁷²

⁶⁹ Sigurður Pálsson, „Börn sem ritskýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, bls. 126.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 126.

⁷¹ Sama heimild, bls. 129.

⁷² Luk 18.16; Mark 10.14; Matt 19.14.

En hvernig skyldi trúarkennsla barna hafa verið háttáð á tímum Gamla testamentisins í hinni fornu Ísrael? Árið 2010 skrifaði Gunnlaugur A. Jónsson greinina „Þegar sonur þinn spyr þig – kennsla barna í 5. Mósebók“.⁷³ Þar segir Gunnlaugur að kennslan virðist almennt hafa verið samofin trúfræðslunni líkt og textar Gamla testamentisins sjálfs virðast ótvírætt gefa til kynna. Þá hafi kennslan ekki hvað síst farið fram á trúarhátíðum samfélagsins og því verið samofin hinu daglega lífi. Samkvæmt Gunnlaugi hafi rík áhersla verið lögð á kenna börnunum ekki einungis siði og reglur heldur hafi áherslan einnig verið lögð á að kenna þeim sögur m.a. í þeim tilgangi að skýra tilkomu reglnanna.⁷⁴ Samkvæmt Gunnlaugi hafi mikil áhersla verið lögð á að muna og gleyma ekki og því hefði hefðu börnin verin látin hafa eftir það er þeim hafði verið kennt.⁷⁵ Þá bar hinum fullorðnu að sýna þar gott fordæmi.⁷⁶ Jafnframt hafi snar þáttur kennslunnar samkvæmt Gunnlaugi verið fólgin í því að svara spurningum barnanna ásamt því að hafa yndi af lögmálinu og fylgja því eftir.⁷⁷

Eftir samræður mínar við þá Sigurð og Gunnlaug virðist mér sem útleggjngar fræðimanna á barnaguðfræði samtímans megi að einhverju leyti rekja til kennsluhátta Gamla testamentisins. Þá virðist það vera fjarri lagi að barnið hafi verið jaðarsett í guðfræði Gamla testamentisins sem mér þykir athyglisvert. Miklu fremur virðist hlutur barna til forna hafa verið mikill.

Hvernig við skiljum börn og æsku hefur breyst í tíma og menningu. Í veraldlegu umhverfi er aukin áhersla lögð á sjálfræði og rödd barna. Á hinu trúarlega sviði má finna fyrir auknum áhuga á umræðunni um hvernig best skuli staðið að faglegru og guðfræðilegru fræðslu og kennslu barna. Þó áhuginn sé að mestu leyti bundinn við fræðimenn þá virðist sem áhuginn sé að aukast meðal leikmanna og þeirra óvígðu fræðara er starfa með börnum innan kirkjunnar. En betur má ef duga skal. Í ljósi breyttrar heimsmyndar er jafnvel enn mikilvægar en áður að huga vel að því hvernig við uppfærðum börn og hvaða aðferðir við notum til þess. Það sem mér þykir standa upp úr í báðum fræðunum er áherslan á að hinir fullorðnu veiti börnunum virka hlustun og gefi

⁷³ Gunnlaugur A. Jónsson, „Þegar sonur þinn spyr þig – kennsla barna í 5. Mósebók,“ bls. 60.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 79.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 67.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 71.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 68.

þeim meira rými til eigin ígrundana. Um það hverfist barnaguðfræðin, að spyrja um þarfir og sjónarhorn barna.⁷⁸

Í næsta kafla mun ég leitast við að skoða hvort boðskapur vistguðfræðinnar hafi skilað sér inn í barnaguðfræði sunnudagaskóla samtímans.

3. Með Guð í hjartanu

Hér í þessum kafla verður einungis gefin innsýn í niðurstöður þeirrar könnunar er ég gerði á því námsefni er notað var í barna- og æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar vorið 2023 og haustið 2024. Efnid er þess eðlis að hægt væri að dýpka það enn frekar en í þessari ritgerð er ekki rými fyrir slíkt umfang.

Í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar er tók gildi 1. janúar 2023 og var samþykkt á kirkjuþingi 2022-2023, segir að heildamarkmið fræðslustefnunnar byggi annars vegar á þeim þáttum er lúta að eflingu og vexti kirkjustarfs og hins vegar að framlagi kirkjunnar til samfélagsins. Þá eru lagðir fram þrjú markmiðs- og matsþættir: **Tengsl, vöxtur og framlag**. Þar er jafnframt lagt til að huga að umræddum þáttum við skipulag, efnisgerð og framkvæmd fræðslu- og safnaðarstarfs. Þá þurfi að aðlaga markmiðin að aldri og þroska þátttakenda, eðli, stærð og staðsetningu í starfi einstaka safnaða og samstarfssvæða.⁷⁹

Þá segir ennfremur í leiðum að markmiðum barnastarfsins að sunnudagaskólanum sé haldið úti fyrir 6-9 ára og 10-12 ára börn auk barnakóra. Þá sé jafnframt mælt með því

⁷⁸ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, bls. 146.

⁷⁹ „Kirkjan.is: Fræðslustefna þjóðkirkjunnar: Frá vöggu til grafar 2023-2026; Tengsl, vöxtur og framlag,“ íslenska þjóðkirkjan, bls. 1-14, hér bls. 6, sótt 19. febrúar 2024 af: <https://kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Fraedslustefna%20þjodkirkjunnar%202023-2026.pdf>.

að tónlistinni og söngnum sé gert hátt undir höfði. Í því samhengi sé undirleikur mikilvægur.⁸⁰

Það sem vakti hvað mest athygli mína varðandi niðurstöður könnunarinnar var hve lítil breyting hefur orðið á söngva- og sálmavali við helgistundirnar í sunnudagaskólanum undanfarin ár. Samkvæmt fræðurunum virðist ástæðan vera af tvennum toga. Annars vegar þykir þeim ekki úr miklu að velja og hins vegar segja þeir valið byggja á vinsældum hvers lags fyrir sig. Engu að síður eru til margir fallegir barnasálmar og söngvar. Þeir söngvar þykja hins vegar margir hverjir ýmist of langir eða innihalda of flókinn texta fyrir þann aldurshóp er sækir sunnudagaskólann. Einnig geti þeir samkvæmt fræðurunum verið erfiðir í flutningi og hreinlega verið leiðinlegir að mati barnanna. Heilt yfir sögðust fræðararnir hafa gert tilraunir til þess að innleiða nýja söngva. Ef söngvarnir væru glaðlegir hreyfisöngvar með einföldum texta nytu þeir strax vinsælda. Börnin samkvæmt fræðurnum liggja almennt ekki á skoðunum sínum og segja það blákalt út ef þeim þykir eitthvað vera leiðinlegt eða láta vanþóknun sína í ljós með látbragði og svipbrigðum, er haft eftir einum fræðaranum.

Þá kom einnig fram að það hefði áhrif á söngvavalið hve fær undirleikari helgistundarinnar væri hverju sinni. En þar fyrir utan þá væri það ekki alltaf í boði að hafa undirleik. Það er áhugavert, sérstaklega með tilliti til ofnagreindra markmiða fræðslustefnunnar varðandi sunnudagaskólann. Samkvæmt þessum niðurstöðum eru ástæðurnar af margvíslegum toga. Þær kalla því á að endurskoða þurfi heilt yfir hvort hægt sé að finna leið til þess að auka fjölbreytni í því söngva og sálmavali er væri áhugavert, eftirsótt og skemmtilegt. Einnig þarf að huga betur að undirleiknum.

⁸⁰ „Kirkjan.is: Fræðslustefna þjóðkirkjunnar: Frá vöggju til grafar 2023-2026; Tengsl, vöxtur og framlag,“ bls. 10.

Sú litla breyting er merkja má hvað söngva- og sálma valið varðar gefur til kynna að femínísku fræðin hafi lítið skilað sér inn í þá söngva- og sálma er notaðir voru í sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar 2023-2024. Þó mætti segja t.d. að texti þeirra Britt Hallquist og Lilju S. Kristjánsdóttur í sálminum *Stjörnur og sól* er finna má í *Sálmabók barnanna*,⁸¹ innihaldi ákveðna náttúrusýn. Það mætti jafnvel segja að um vísi að vistguðfræði væri að ræða í samhengi við það að talað er um „anda Guðs“. Hins vegar er guðsmynd sálmsins óumdeilt karllæg. Þar er talað um Guð sem „herra, drottinn og son, þ.e. Jesús“. Þessi sálmur var í 7. sæti „vinsældarlistans“.

Hvað fræðsluefnið varðar virðist hafa orðið smá vakning varðandi úrfærslur á efni eins og brúðuleikhúsi og ítarefni. Þar má til að mynda finna fleiri kvenfígúrir. Samkvæmt textum brúðuleikaranna er leitast við að tala um að Guð sé að finna hér og þar og alls staðar. Að Guð sé í náttúrunni allri, ekki bara á himninum. Að því leyti kom fram að Guð væri allt umlykjandi andi er hreiðraði um sig í hjörtum barnanna. Það þykir mér endurspegla það meginstef er lagt var upp með í fræðslustefnunni, þ.e. að huga að geðrækt.⁸²

Það má því segja að sú guðsmynd er boðuð er börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar sé að einhverju leyti farin að ryðja sér til rúms í átt að femínískri vistguðfræði.

Einnig kom það fram hjá meirihluta þeirra fræðara er ég ræddi við að þeir færu oftast eftir tillögum efnisveitunnar við efnis- og lagaval fyrir sunnudagaskólann. Alla jafna töldu þeir efnið vera faglegt og áhugavert. Þó fannst þeim stundum að efnið mætti vera fjölbreyttara. Þá væri efnið alla jafna tengt við þá veraldlega þætti og tilfinningar er börnin ættu auðvelt með að skilja og tengja við. Einnig sögðust margir fræðaranna taka út eða bæta við efnið eftir því er þeim þætti viðeigandi hverju sinni. Í því samhengi sögðust þeir samt ekki velta því mikið fyrir sér hvort efnið innihéldi boðskap hinnar femínísku/kynjafræðilegu vistguðfræði eður ei.

⁸¹ Kristín Þórunn Tómasdóttir, Jón Helgi Þórarinsson, Guðrún Finnbjarnardóttir og Edda Möller, ritstj., *Sálmabók barnanna* (Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2008), bls. 145.

⁸² „Kirkjan.is: Fræðslustefna þjóðkirkjunnar: Frá vöggju til grafar 2023-2026; Tengsl, vöxtur og framlag,“ bls. 5.

Þrátt fyrir að gagnrýni hinnar kynjafræðilegu/femínísku vistguðfræði hafi lítið skilað sér inn í guðfræði barnastarfs þjóðkirkjunnar 2023-2024, þá myndi ég telja að rými sé að skapast fyrir nýjar skilgreiningar og endursköpun. Almennt virtust fræðararnir hafa áhuga á að kynna sér vistguðfræði og þá með hvað hætti væri hægt að koma henni betur til skila í gegnum fræðslu og söngva í sunnudagaskólanum.

Varðandi kennsluhættina í sunnudagaskólanum uppfylla þeir þann þátt barnaguðfræðinnar er nefnist *Guðfræði fyrir börn*. Það virðist klárlega vera leitast við bjóða upp á fræðslu fyrir börnum á ólíkum þroskaskeiðum. Einnig sögðust fræðararnir leita ýmissa leiða til þess miðla hinni trúarlegu þekkingu er best gæti höfðað til skilnings til barnsins.⁸³ Einnig uppfylla þeir þáttinn *Guðfræði með börnum* að einhverju leyti. Sá þáttur virðist þó ekki fá nægjanlegt rými í helgistundunum hvað samræðurnar varðar. Hins vegar sögðust þeir fræðarar er ég tók tali, alla jafna ná að vekja barnið til umhugsunar.⁸⁴

Af þessu má draga þá ályktun að þörfin á sérstakri barnaguðfræði sé til staðar. Þá var einnig að heyra það á fræðurunum að þeir hefðu áhuga á að fá sjálfir meiri fræðslu og þjálfun ásamt nýjum hugmyndum að útfærslu á helgistundum sunnudagaskólans. Því dreg ég þá ályktun það sé áhugi fyrir að innleiða vistguðfræði inn í guðfræði sunnudagaskóla þjóðkirkju framtíðarinnar.

4. Umræða um niðurstöður og ályktanir

Í ljósi þeirra rannsókna er gerðar hafa verið á guðsmynd barna og birtingarmynd Guðs í fræðslufni fyrir börn ásamt þeirri þekkingu er þegar virðist vera til staðar þá virðist sem þekkingin hafi lítið sem ekkert skilað sér inn í sunnudagaskóla Þjóðkirkjunnar í gegnum þá sálma- og söngva er notast er við. Hins vegar má segja að örli fyrir smá breytingum hvað fræðslufnið varðar ásamt auknum áhuga fræðaranna.

Fram hefur komið að femíníski vistguðfræðingurinn Sallie McFague kalli eftir breyttri guðsmynd. Að mínu mati ógnar sú guðmiðlæga guðsmynd er McFague býður fram með sínu lífmiðlæga sjónarhorni ekki stöðu manneskjunnar í heiminum í dag. Þvert á móti tel ég hana eiga fullt erindi inn í hið vestræna samfélag samtímans. Þörfin er í það

⁸³ Sigurður Pálsson, „Börn sem ritkýrendur,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, bls. 126.

⁸⁴ Sama heimild, bls. 129.

minnsta til staðar líkt og niðurstöður rannsóknar Bjarna Karlssonar gefa til kynna, um að komið sé að ákveðnum vatnaskilum hvað varðar hnattræna orðræðu um vistkerfi og fátækt. Þau skil segir Bjarni kristallast í nýrri sýn á þörfinni fyrir *siðferðilegri hugsun*⁸⁵ og tengslaeðli veruleikans.

Ég tek undir hjá þeim Sólveigu Önnu Bóasdóttur og McFague að sú áhersla er verið hefur á perónulegan Guð samræmist hvorki lífsskoðunum fólks í nútíma samfélagi né reynslu þess og þekkingu. Við þurfum að finna nýjar leiðir til þess að skilja Guð á annan hátt.⁸⁶

Svo virðist sem frosið sé í fernunum sem eru þó búnar til í menningunni. Við þurfum klárlega að finna nýjar leiðir til þess að tala um Guð. - Af hverju, afi? Spurði barnið. - Af hverju, erum við ekki komin lengra við það að innleiða vistguðfræðina inn í söngva- og sálma og allt það fræðsluefni sem börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar er boðið upp á í dag? Spyr ég.

Er ekki kominn tími til að breyta? Hvers vegna er ekki meira samstarf milli guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og þjóðkirkjunnar í þessum málum? Að mínu mati felur vistguðfræðin í sér ákveðna von um framtíð og því tel ég vert að veita henni meiri athygli.

Samkvæmt mínum niðurstöðum virðist sá Guð er boðaður er börnum í barnastarfi og sunnudagaskólum þjóðkirkjunnar nú um stundir enn vera karllægur. Þó virðist sem áhugi sér fyrir breyttri guðsmynd og því mætti jafnframt segja að Guð sé í ákveðinni mótun og því hálfpartinn í lausu lofti. En um leið er Guð allt umlykjandi Guð í hjartanu.

Eftir samræður mínar við þá Sigurð Pálsson og Gunnlaug A. Jónsson um barnaguðfræði og kennslu barna í hinni fornu Ísrael væri hægt að draga þá ályktun að guðfræði þjóðkirkjunnar hafi farið aftur hvað jaðarsetningu barna varðar innan guðfræðinnar. Leyfum börnunum að taka pláss í guðfræðinni.

Að ferðalokum legg ég því til haldið verði málþing um barnaguðfræði á vegum guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um stöðu þekkingar á því sviði í dag. Það

⁸⁵ Samkvæmt Bjarna Karlssyni: „*Siðferðileg hugsun* er hugtak sem varðar kröfu um tilgang og merkingu lífsins“: Sjá neðanmálgrein: Bjarni Karlsson, „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskílnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans,“ bls. 4.

⁸⁶ Sólveig Anna Bóasóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, bls. 55.

væri til að mynda hægt að framkvæma í samvinnu við þá aðila er fengist hafa við rannsóknir og ritgerðasmíð, hvort sem það eru BA, Masters eða Doktorsritgerðir, á sviði barnaguðfræðinnar hér á landi.

Heimildaskrá

Bjarni Karlsson. „Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans.“ Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2020.

Björg Guðrún Gísladóttir. *Hljóðin í nóttinni: Minningasaga*. Reykjavík: Veröld, 2023.

Jóhanna Gísladóttir. „„Kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður“: Boðun og guðsmyndir í fermingarfræðsluefni þjóðkirkjunnar.“ Mag. theol.-ritgerð, Háskóli Íslands, 2015.

Kristín Þórunn Tómasdóttir, Jón Helgi Þórarinsson, Guðrún Finnbjarnardóttir og Edda Möller, ritstj. *Sálmabók barnanna*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2008.

Sigurbjörn Einarsson. *Af hverju, afi?: Talað við börn í jólahug*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2004.

Sigurður Pálsson. *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001.

Sóley Stefánsdóttir. „Guðsmyndir, kynjamyndir og líkingamál í fræðsluefni íslensku þjóðkirkjunnar fyrir börn.“ BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2000.

Sólveig Anna Bóasóttir. *Guð og gróðurhúsaáhrifin: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017.

Heimildir af veraldarvef

Anna Þóra Paulsdóttir. „Maðurinn, umhverfið og Guð: Guðsmynd, mannskilningur og heimsmynd sem boðað er í æskulýðs- og fermingarstarfi þjóðkirkjunnar og í starfi grunnskóla.“ *Mag. theol.-ritgerð*, Háskóli Íslands, 2013. Sótt 12. febrúar 2024 af: <http://hdl.handle.net/1946/16322>.

Gunnlaugur A. Jónsson. „Þegar sonur þinn spyr þig – kennsla barna í 5. Mósebók.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 31 (2010): bls. 60-72. Sótt 16. janúar 2024 af: <https://timarit.is/page/6560286?iabr=on#page/n61/mode/2up>.

„Kirkjan.is: Fræðslustefna þjóðkirkjunnar: Frá vöggu til grafar 2023-2026; Tengsl, vöxtur og framlag.“ Íslenska þjóðkirkjan. Sótt 19. febrúar 2024 af: <https://kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Fraedslustefna%20þjóðkirkjunnar%202023-2026.pdf>.

Sigurður Pálsson. „Börn sem ritskýrendur.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 35 (2012): bls. 119-138. Sótt 16. janúar 2024 af: <https://timarit.is/page/6688603?iabr=on#page/n137/mode/2up>.

Sólveig Anna Bóasdóttir. „Kærleikur og líknsemi: Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs í ofbeldissambandi.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 38 (2014): bls. 84-96. Sótt 22. apríl 2024 af: <https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/164>.

Sólveig Anna Bóasdóttir. „Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, nr. 50 (2020): bls. 90-100. Sótt 22. apríl 2024. DOI: 10.33112/theol.50.7.

Steingrímur Thorsteinsson. Trúðu á tvennt í heimi. Óþekkt dagsetning. Vísnaafn Sigurðar J. Gíslasonar í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Sótt 18. apríl 2024 af: <https://bragi.arnastofnun.is/skag/visur.php?VID=14516>.

Þóra Björg Sigurðardóttir. „Guðsmyndir og börn.“ BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2016.

Sótt 9. febrúar 2024 af: <http://hdl.handle.net/1946/26055>.